



Vatnsnesveg 8, Keflavík, Sími 421-3155.

## Ársskýrsla 2000.

Talsvert starf var að venju hjá Bygðasafni Suðurnesja á árinu 2000.

Safnahúsið á Vatnsnesi hefur verið opið almenningi til sýnis alla sunnudaga ársins frá kl. 13.30 til 17.00, undir leiðsögn Skúla Magnússonar, einnig var það haft opið 17. júní. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað, og hefur það verið töluvert nýtt. Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, en nú hefur orðið breyting á þar sem grunnskólar eru orðnir 4 í bænum og hefur 4. bekkur Myllubakkaskóla sem áður var einn haldið þessu starfi áfram og mætt til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Börnin fá þá ákveðið verkefni sem þau leysa. Þá hafa margir aðrir hópar komið, bæði úr ýmsum skólum, dagheimilum, eldri fermingahópar, ýmsum félögum, ferðahópum, frá starfshópum og talsvert af erlendum hópum.

Unnið hefur verið að miklum krafti við skráningu muna á safninu og hefur mikið unnist þó mikið verk sé eftir, auk þess sem nokkuð hefur verið unnið við myndaskráningu í sérunnið myndaförrið í tölvu, auk ýmissa annarra starfa í þröngum og erfiðum húsakynnum og er nauðsyn að því sé haldið áfram.

Á árinu fengust 6 starfsmenn í sex mánuðu hver, til skönnunar og skráningar á myndum, og var bæði unnið við hið mikla safn Ljósmyndastofu Suðurnesja og einnig á myndum sem safnast hafa í gegnum árin frá öðrum aðilum og mun heildarfjöldi skannana hafa verið á milli 10 og 15 þúsund myndir og einnig fékkst 1 maður í að aðstoða við skráningu muna.

Enn sem fyrr hefur borist til safnsins mikið af munum og myndum frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Margir hafa komið til safnsins, lánað því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim, sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Ekki hefur enn orðið úr að flytja geymslu safnsins úr Röst í endanlegt húsnæði að Duusgötu 10, hér í bæ, sem er steinsteypt bygging norður úr Bryggjuhúsi Duusverslunar, en vonandi tefst það ekki í mörg ár enn, en þar hefur verið unnið í smá áföngum í samvinnu og undir yfirstjórn Arinbjörns Vilhjálmssonar arkitekts. Það bíður því mikil vinna að pakka safnmunum inn, skrá þær og flokka og flytja þær, en það starf mun bíða nýs starfsmanns, þar sem ég enda starf mitt við safnið nú í febrúarlok.

Keflavík 29.febrúar 2001,

---

Guðleifur Sigurjónsson.  
forstöðumaður.